



Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 17. júlí 2020

Reglugerð um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19)

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 17. júlí 2020, samþykkti stjórn reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19). Reglugerð þessi er í gildi tímabundið en hún nær aðeins yfir keppnistímabilið 2020 og fellur úr gildi þann 31. desember 2020. Í reglugerðinni er nánar kveðið á um reglur sem segja til um hvers konar aðgerða verði gripið til ef ekki er hægt að ljúka mótum vegna Covid-19 veirunnar. Er reglugerðinni þannig ætlað að tryggja gegnsæi og fyrirsjáanleika í mótahaldi eins og kostur er.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt/greinargerð:

## REGLUGERÐ KSÍ

### Um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19)

#### 1. gr.

##### *Gildissvið*

- 1.1. Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um Íslandsmót og bikarkeppni í meistaraflokki keppnistímabilið 2020 ef grípa þarf til sértækra ráðstafana vegna heimsfaraldursins Covid-19.

#### 2. gr.

##### *Frestun leikja*

- 2.1. Mótanefnd KSÍ skal fresta leik óski félag eftir því þegar eftirfarandi á við:  
Fimm leikmenn eða fleiri í öðru hvoru keppnislíðinu, sem hafa verið í byrjunarliði þess/þeirra í öðrum af síðustu tveimur leikjum liðsins, geta ekki tekið þátt í viðkomandi keppnisleik þar sem þeim hefur verið gert að sæta einangrun eða sóttkví skv. reglum útgefnum af heilbrigðisráðherra, eftir að hafa verið greindir með Covid-19 sjúkdóminn eða orðið útsettir fyrir Covid-19 smiti.
- 2.2. Verði knattspyrnuleikir meistaraflokka bannaðir með reglum útgefnum af heilbrigðisráðherra eða mælist sóttvarnarlæknir til þess að þeir fari ekki fram vegna heimsfaraldurs kórónaveiru, skal mótanefnd KSÍ fresta öllum leikjum sem eru á dagskrá á þeim tíma sem bannið eða tilmælin taka til.

#### 3. gr.

##### *Nýir leikdagar frestaðra leikja*

- 3.1. Þegar aðstæður þær sem ákvæði 2. gr. tekur til standa því ekki lengur í vegi að frestaðir leikir geti farið fram, skal mótanefnd KSÍ setja þá á nýja leikdaga innan dagskrár hvers móts. Skal mótanefnd jafnframt heimilt að gera breytingar á niðurröðun leikja sem miða að því að sá tími er líður á milli leikja verði eins rúmur og komið verður við og svo jafn sem verða má. Milli kappleikja hjá sama liði skulu líða minnst tveir heilir dagar, en heimilt er mótanefnd að stytta þennan tíma ef nauðsyn krefur.

4. gr.

*Mótslok*

- 4.1. Mótanefnd KSÍ skal kappkosta að ljúka móti innan þess tíma sem niðurröðun gerði ráð fyrir við upphaf móts. Takist ekki að ljúka móti á þeim tíma sem niðurröðun gerði ráð fyrir við upphaf móts, er mótanefnd heimilt að framlengja mótið ef umtalsverðar líkur eru á, að mati mótanefndar KSÍ, að hægt sé að ljúka viðkomandi móti.
- 4.2. Mótanefnd er heimilt, að teknu tilliti til vallaraðstæðna og birtuskilyrða, að ákveða að tilteknir leikir fari fram á hlutlausum velli.
- 4.3. Mótanefnd er heimilt að flytja leiki í bikarkeppni aftur fyrir lokadag Íslandsmóts. Lokadagur til að ljúka bikarkeppni skal vera 1. desember 2020.
- 4.4. Öllum leikjum í Íslandsmótum skal vera lokið eigi síður en 1. desember 2020 og verður einstökum leikjum eða mótum meistaraflokka ekki frestað aftur fyrir þann tíma.

5. gr.

*Úrslit ólokans móts. Móti aflýst.*

- 5.1. Ef sýnt þykir að ekki er unnt að ljúka Íslandsmótinu í knattspyrnu karla og kvenna samkvæmt mótaskrá vegna Covid-19 getur mótanefnd í samráði við stjórn KSÍ aflýst móti í öllum deildum eða einstaka deildum. Skal þá eftirfarandi gilda:
  - 5.1.1.: *Meistaraflokkur karla:* Hafi að lágmarki 2/3 hlutar heildarleikja í efstu deild, 1. deild, 2. deild og 3. deild verið leiknir samkvæmt mótaskrá ræður meðalfjöldi stiga hvers liðs fyrir sig í hverjum leik sem það hefur lokið á þeim degi þegar móti er aflýst, endanlegri niðurröðun. Telst Íslandsmótinu þar með lokið. Skulu þá Íslandsmeistarar krýndir í hverri deild og lið færast á milli deilda með sama hætti og ef allir leikir í þessum deildum á Íslandsmóti hefðu verið leiknir.
  - 5.1.2.: *Meistaraflokkur kvenna:* Hafi að lágmarki 2/3 hlutar heildarleikja í efstu deild, 1. deild og 2. deild verið leiknir samkvæmt mótaskrá ræður meðalfjöldi stiga hvers liðs fyrir sig í hverjum leik sem það hefur lokið á þeim degi þegar móti er aflýst, endanlegri niðurröðun. Telst Íslandsmótinu þar með lokið. Skulu þá Íslandsmeistarar krýndir og lið færast á milli deilda með sama hætti og ef allir leikir í öllum deildum á Íslandsmóti hefðu verið leiknir.
- 5.2. Ljúki aðeins einstaka deildir í Íslandsmóti karla eða kvenna, 2/3 hlutum leikja viðkomandi deildar samkvæmt mótaskrá, skal þó ávallt krýna Íslandsmeistara þeirrar deildar.
- 5.3. Takist ekki að ljúka Íslandsmótum karla og kvenna svo sem skilyrði í greinum 5.1.1. eða 5.1.2. kveða á um og jafnvel þó krýndir séu Íslandsmeistarar í einni eða fleiri deildum, skv. grein 5.2. skulu engin lið færast milli deilda. Í því tilviki verður sama skipan liða í hverri deild við upphaf keppnistímabilsins 2021 og var keppnistímabilið 2020.
- 5.3. Í því tilviki að ekki verður mögulegt að ljúka keppni í einni eða tveimur deildum eða að ein eða tvær deildir nái ekki 2/3 hluta leikja þá mun stjórn KSÍ taka ákvörðun um hvernig fara skuli með skipan liða í þeirri deild og aðliggjandi deildum á næsta keppnistímabili.
- 5.4. Verði ekki unnt að ljúka úrslitakeppni 4. deildar karla, flyst ekkert lið upp í 3. deild og ekkert lið fellur úr henni.
- 5.5. Takist ekki að ljúka bikarkeppni skal ekkert lið krýnt bikarmeistari.

6. gr.

*Þátttaka í Evrópukeppnum*

- 6.1. Í samræmi við reglur og ákvarðanir knattspyrnusambands Evrópu (UEFA) skal þátttaka liða í Evrópukeppni ársins 2021 ráðast af röð þeirra í efstu deild Íslandsmóts samkvæmt greinum 5.1.1. og 5.1.2.

- 6.2. Náist ekki að ljúka keppni í bikarkeppni karla, en Íslandsmóti lýkur samkvæmt grein 5.1.1. leikur liðið í 4. sæti efstu deildar Íslandsmóts í Evrópukeppni.
- 6.3. Verði ekki unnt að ljúka Íslandsmótum í efstu deild karla eða kvenna svo sem kveðið er á um í greinum 5.1.1. og 5.1.2. tekur stjórn KSÍ í samráði við UEFA ákvörðun um þátttökurétt liða í Evrópukeppni árið 2021.

7. gr.

*Sektir og brottvísun úr keppni*

- 7.1. Geti lið, sem uppfyllir skilyrði greinar 2.1., ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal hvorki beita sektum né öðrum viðurlögum.

8. gr.

*Önnur atvik*

- 9.1. Stjórn KSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni sem reglugerð þessi nær ekki sérstaklega til.

10. gr.

*Gildistaka og gildistími*

- 10.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 28., 33. og 44. gr. laga KSÍ og öðlast þegar gildi, sbr. 20. gr. þeirra laga.
- 10.2. Reglugerð þessi fellur úr gildi 31. desember 2020.

---

**Greinargerð:**

Til þess að vera undirbúin fyrir hugsanleg skakkaföll vegna Covid-19 veirunnar lagði mótanefnd KSÍ fram minnisblað og drög að reglugerð til stjórnar sambandsins varðandi hvernig haga skuli mótum í því tilviki að ekki verði hægt að ljúka þeim á tilsettum tíma. Hugmyndir mótanefndar hafa mótast í umfjöllun stjórnar KSÍ sem nú koma fram í ofangreindri reglugerð. Reglurnar eru til viðmiðunar ef á þarf að halda. Mótanefnd hefur fylgst með þróun mála varðandi Covid 19 og skoðað hvernig hægt sé að bregðast við ef aðstæður kalla á aðgerðir. Leitað hefur verið til knattspyrnusambanda á Norðurlöndum um fyrirmyndir, en þar eru ýmist engar reglur eða óformleg viðmið. Mótanefnd KSÍ er því að ganga lengra en tíðkast víða erlendis til þess að félög verði meðvituð um ráðstafanir ef sóttvarnarástand hefur verulega röskun á mótahaldi í för með sér.

Markmið tillögunnar er að félögum verði ljóst til hvaða aðgerða verði gripið ef ekki er hægt að ljúka mótum vegna Covid-19 veirunnar. Jafnframt er reglugerðinni ætlað að tryggja gegnsæi og fyrirsjáanleika í mótahaldi eins og kostur er. Ljóst er að nú þegar hefur mótanefnd þurft að gera breytingar á leikdögum félaga vegna sóttkvíar og einangrunar leikmanna. Reynslan af því er mikilvægt innlegg í þær reglur sem settar eru fram, en mótanefnd hefur verið að skoða ýmsar hliðar málsins um allnokkra hríð.

Sem kunnugt er var verkefni KSÍ og mótanefndar á vordögum að koma Íslandsmóti og bikarkeppni af stað eftir samkomubann sem gildi frá 16. mars, en æfingar félaga voru takmarkaðar eftir 4. maí en loks heimilar án takmarkanna þann 22. maí. Keppni liða á Íslandsmóti hófst síðan um miðjan júní. Augljóst er að komi til frekari frestana leikja vegna sóttkvíar eða einangrunar leikmanna þá munu leikdagar færast til og slíkt getur haft í för með sér að leikjaálag liða verður mismunandi. Til þess að ljúka keppnistímabilinu er þetta því miður óhjákvæmilegt. Í því tilviki að lengja þurfi keppnistímabilið þá verður afstaða tekin til þess ef aðstæður kalla á slíkt – en keppnistímabilið mun aldrei vara lengur en til 1. desember.


Nokkur helstu atriði reglnanna eru eftirfarandi:

1. Reglurnar eru varúðarráðstöfun ef veruleg röskun verður á framkvæmd Íslandsmóts og bikarkeppni meistaraflokka vegna Covid 19.
2. Félög geta fengið frestun á leik eða leikjum ef:
  - a. Að minnst fimm leikmenn eru í fyrirskipaðri einangrun eða sóttkví.
  - b. Að viðkomandi leikmenn hafi verið í byrjunarliði í öðrum af síðustu tveimur leikjum liðsins.
3. Frestun á leikjum vegna framangreinds hefur augljós áhrif á röðun leikja, raskar leikjum í einstökum umferðum og leiðir til mismunandi álags á lið með mismunandi bili milli leikja. Fjölgun skiptinga í 5 er m.a. ætlað að mæta þessum sveiflum.
4. Íslandsmeistarar í einstökum deildum verða ekki krýndir ef ekki tekst að leika 2/3 hluta leikja í viðkomandi deild.
5. Ef móti lýkur án þess að 2/3 hluti leikja hafi farið fram ræðst röðun liða af meðal fjölda stiga miðað við leikna leiki. Í því tilviki færast lið ekki á milli deilda við lok keppni.
6. Við sérstakar eða óhjákvæmilegar aðstæður getur KSÍ að fenginni tillögu mótanefndar þurft að aflýst keppni í einstökum deildum ef sýnt þykir að ekki takist að marktækan fjöldi leikja í viðkomandi deild.
7. Geti lið ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð um knattspyrnumót vegna sóttvarna eða einangrunar verður þeim ekki gerð refsing vegna þess.
8. Heimilt verður að lengja keppnistímabil ársins 2020 ef umtalsverðar líkur eru að ljúka megi keppni í einstökum deildum – þó aldrei lengur er til 1. desember.

Athygli er vakin á því upp geta komið aðstæður sem kalla á breytingar eða nýjar ákvarðanir að tillögu mótanefndar. Til þess að unnt verði að ljúka keppni á árinu 2020 er mikilvægast að allir þeir sem koma að framkvæmd leikja og áhorfendur gæti vel að smitvörnum og fylgi í hvívetna þeim leiðbeiningum sem sóttvarnarlæknir og KSÍ hafa gefið út. Þannig verður best tryggt að mótahald ársins gangi án þess að grípa þurfi til ákvæða þeirra reglna sem nú eru settar.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,  
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.